



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til sveitarfélaga og landshlutasamtaka
sveitarfélaga

Reykjavík 18. september 2018
1511181SA VRH
Málalykill: 00.57

Efni: Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2018

Árleg fjármálaráðstefna sveitarfélaga verður haldin fimmtudaginn 11. október og föstudaginn 12. október á Hilton Reykjavík Nordica hótelinu við Suðurlandsbraut í Reykjavík.

Ráðstefnan hefst fyrri daginn kl. 10:00 með ávarpi formanns sambandsins sem kjörinn verður á Landsþingi Sambandsins í lok mánaðarins. Flutt verða fjölmörg fróðleg erindi um fjármál sveitarfélaga og fleira, en í lok fyrri ráðstefnudags verður boðið upp á léttar veitingar.

Síðari ráðstefnudeginum verður skipt upp í eftirfarandi fjóra hluta.

Fjármál sveitarfélaga

Fræðslumál

Velferðarmál

Innviðir og fjárfesting

Ráðstefnunni lýkur kl. 12 á hádegi 12. október.

Skráning á ráðstefnuna fer fram með rafrænum hætti á [vef sambandsins](#) en þar má einnig nálgast dagskrá ráðstefnunnar. Skráningu lýkur mánudaginn 8. október og eru sveitarstjórnarmenn og aðrir vinsamlega beðnir um að virða þau tímamörk og skrá sig tímanlega. Við minnum á að í fyrra komust færri að en vildu.

Þátttökugjald er 18.500 kr. og eru innifaldar í því veitingar og fundargögn. Í ár er boðið upp á þann möguleika að taka eingöngu þátt í síðari degi ráðstefnunnar gegn 8.500 kr. þátttökugjaldi.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Valur Rafn Halldórsson

sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs